

Sveitarstjóri  
Húnaþing vestra  
Hvammstangabraut 5  
530 Hvammstangi



Reykjavík 24. janúar 2017  
UST201612-092/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Húnaþing vestra. Tillaga að deiliskipulagi Borgarvirkis**

Vísað er til erindis sveitastjóra Húnaþings vestra er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Borgarvirkis í Húnaþingi vestra.

#### **Skipulagssvæðið**

Í greinagerð kemur fram að ofangreint skipulagssvæði er 3,7 ha að stærð og staðsett í landi Litlu- og Stóru-Borgar. Einnig kemur fram að markmiðið með skipulaginu er að stuðla að verndun og varðveislu minja í og við Borgarvirki. Markmiðið er að afmarka bílastæði, stíga, útsýnis- og skiltasvæði ásamt byggingarreit fyrir þjónustubyggingu. Einnig kemur fram að áhugi ferðamanna á að skoða hina áberandi klettaborg hefur aukist mikið með vaxandi fjölda ferðamanna.

#### **Náttúruminjar**

Eins og fram kemur í greinagerð er Borgarvirki og nærliggjandi svæði á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins felst í fögru og fjölbreyttu landslagi, björgum, tjörnum, mýrlendi og söndum, athyglisverðum jarðmyndunum og fornminjum, Borgarvirki. Einnig Stofnunin bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skal sýna sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni.


Umhverfisstofnun bendir á að það er skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, að tiltekin vistkerfi og jarðmyndanir njóta sérstakrar verndar m.a. eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar og ber að forðast röskun slíkra jarðminja. Því er mikilvægt að vandað verði til allra verka við framkvæmdir í og við Borgarvirki, og að forðast verði alla óþarfa röskun, eins og fram kemur í umfjöllun um umhverfisáhrif tillögunnar. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að hugað sé að tjörnum og mýrlendi í nágrenninu og öllu því er verndargildi svæðisins felst í.

## Salernishús

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlanir um salernishús en minnir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Að mati Umhverfisstofnunar mætti koma fram hvernig fyrirkomulag á rekstri er áætlað.

Umhverfisstofnun tekur undir það að nýta á staðargróður við uppgræðslu og að horft verði til stefnu um gæði byggingarlistar við hönnun framkvæmda.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur